

Umsögn

um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014
(verðlagsbreytingar o.fl.).

Frá minni hluta velferðarnefndar.

Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (þskj. 3, 3. mál) var tekið til umræðu í velferðarnefnd og fyrir nefndina komu Hildur Jónsdóttir, jafnréttisfulltrúi forsætisráðuneytisins, Jón Hilmar Guðmundsson og María Heimisdóttir frá Landspítala, Sturlaugur Tómasson, Einar Njálsson, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir og Steinunn Lárusdóttir frá velferðarráðuneyti, Guðjón Bragason og Halldór Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Óskar Þórhallsson frá umboðsmanni skuldara, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands, Guðni Rúnar Jónsson frá Femínistafélagi Íslands, Guðlaug Kristjánsdóttir frá BHM, Elín Björg Jónsdóttir og Kristinn Bjarnason frá BSRB og Halldór Árnason frá SA.

Minni hluti velferðarnefndar lýsir mikilli óánægju með að hafa ekki fengið frumvarpið til formlegrar umsagnar. Í frumvarpinu eru lagðar til lagabreytingar á fernum lögum sem heyra undir velferðarnefnd auk þess sem dregið er úr fjárframlögum í starfsendurhæfingarsjóði. Þá er í breytingartillögum við 2. umræðu lögð til breyting á tvennum lögum til viðbótar sem eru á málefnasviði velferðarnefndar. Minni hluti velferðarnefndar bendir á að hér er í sumum tilvikum um grundvallarbreytingar á stefnu að ræða og telur mikilvægt að skila álitinu um málið. Lögin sem fjallað er um í frumvarpinu eru lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, með síðari breytingum, lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lög nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum. Þá er lögð til breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Í breytingartillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru einnig lagðar til breytingar á lögum um sjúkratryggingar og lögum um almannatryggingar.

Minni hluti velferðarnefndar tekur undir álit minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar en vill veita sérstakt álit um XIV. kafla frumvarpsins (fæðingarorlof) og breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar á þingskjali 316, 6. tölul. i. (47. gr.)(sjúkratryggingar).

Breytingar á lögum um fæðingarorlof.

Minni hlutinn harmar að hætt sé við lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði í áföngum til ársins 2016. Mismunandi viðhorf til hækkunar þaksins og lengingar fæðingarorlofsins komu fram fyrir nefndinni. Bent var á að hækkun þaks fæðingarorlofsins væri mikilvægur liður í því að auka jafnrétti á vinnumarkaði ef það leiddi til þess að fedur tækju frekar fæðingarorlof en einnig komu fram þau sjónarmið að óbreytt lengd fæðingarorlofs yki á ójafnrétti þar sem konur væru líklegri en karlar til að taka launalaust leyfi til að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og dagvistunar á vegum sveitarfélaga. Minni hlutinn bendir á að í

skýrslu velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof (þskj. 1920, 542. mál á 139. löggjafarþingi) kemur fram að fækkun á töku fæðingarorlofs fedra á árunum 2008, 2009 og 2010 var í lægstu tekjuhópunum. Þar segir: „Án þess að unnt sé að fullyrða það með vissu þykja líkur benda til að þær efnahagslegu forsendur sem breyttust hjá mörgum fjölskyldum í landinu í kjölfar efnahagsþrenginganna haustið 2008 sem og sú óvissa sem hefur ríkt á vinnumarkaði frá þeim tíma kunni að hafa haft meiri áhrif á töku fæðingarorlofs fedra í þessum tekjuhópi en lækkun hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.“ (bls. 25 – 26). Fram kom fyrir nefndinni að ekki væri vinna í gangi á vegum velferðarráðuneytisins varðandi áætlun um lengingu fæðingarorlofsins. Þessi stefnubreyting mun bitna hart á ungbarnafjölskyldum sem í dag búa við mikla óvissu eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til að leikskólaláss býðst. Lenging fæðingarorlofsins er mikilvæg til að börn fá lengur að njóta samvista við foreldra sína og er mikilvægur liður í að skapa fjölskylduvænna samfélag. Þá er þessi stefna ekki í anda þess vilja sem fram kemur í nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að lokna fæðingarorlofi (þskj. 330, 6. mál).

Nefndin fékk þær upplýsingar að hlutfall tryggingagjalds í Fæðingarorlofssjóð yrði lækkað úr 1,28% í 0,65% og þar með mun sjóðurinn ganga á eigið fé á árinu 2014 og að óbreyttu verður að skerða fæðingarorlof á árinu 2015. Tryggingagjald sem atvinnurekendur greiða í ríkissjóð lækkar þó ekki heldur hækkar hlutfall gjaldsins sem fer til greiðslu almannatrygginga. Þau sjónarmið voru víðruð fyrir nefndinni að ekki mætti hækka tryggingagjaldið fyrir árið 2015 til að auka framlög til Fæðingarorlofssjóðs heldur þyrfti að lækka hlutfallið sem færi til almannatrygginga. Minni hlutinn hvetur til þess að hlutfalli tryggingagjaldsins til Fæðingarorlofssjóðs verði ekki breytt enda er það ósjálfbær breyting að öðru óbreyttu.

Breyting á lögum um sjúkratryggingar.

Aformað er að hefja innheimtu komugjalda vegna innlagna á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Ef litið er til Landspítalans er sjúkrahúsinu gert að innheimta 200 milljónir á árinu 2014 vegna komugjalda. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 er fjallað um sérstök gjöld að fjárhæð 1.200 krónum fyrir hvern legudag á sjúkrahúsi en með breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er ofangreind breyting lögð til. Hún felur í sér að gjaldið á að ná til m.a. kostnaðar við innritun og aðstöðu og má innheimta einu sinni fyrir hverja legu á sjúkrahúsi. Gjaldið á ekki að ná til innlagna á fæðingardeild og skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Á LSH eru um 30.000 innritanir á ári. Um 50% innritaðra eru aldraðir, um 10% börn og varlega má áætla að a.m.k. 10% séu öryrkjar. Um 30% innlagna verða því með fullu gjaldi og ef miðað er við svipuð hlutföll í gjaldskrá og hjá heilsugæslunni er gjald öryrkja og aldraðra 50% af fullu gjaldi og börn gjaldfrjáls. Innlagnargjaldið yrði því að lágmarki rúmar 11.000 krónur fyrir fullgreiddandi og rúmlega 5.500 krónur fyrir aldraða og öryrkja. Leiða má líkur að því að gjaldið verði hærra því um 10% af kröfum sjúkrahússins innheimtast ekki á ári hverju og gera verður ráð fyrir því við útreikning þess. Þá hlýst kostnaður af breytingu sem gera þarf á tölvukerfum. Minni hlutinn lýsir sig fullkomlega andsnúinn sjúklingaskatti sem þessum og telur ekki forsvaranlegt að hækka greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskostnaði umfram það sem nú er. Þvert á móti verður að stefna að því að lækka kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskostnaði en hann hefur farið hækkandi undanfarinn áratug.

Samkvæmt öllu framangreindu gerir minni hluti velferðarnefndar alvarlegar athugasemdir við málið. Þá er það með ólíkindum að grundvallarbreyting líkt og sjúklingaskattur skuli tekinn upp með breytingartillögu þingnefndar sem þýðir að umsagnaraðilar efnahags- og viðskiptanefndar vegna málsins gátu ekki komið að

athugasemdum við þann þátt málsins. Minni hluti velferðarnefndar leggst því gegn þeim breytingum sem frumvarpið og breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar hafa í för með sér og fjallað hefur verið um hér að framan.

Alþingi, 17. desember 2013.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Björt Ólafsdóttir,
Katrín Júlíusdóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir.